

„Syng, frjálsa land, þinn frelsissöng.“

Úlfar Bragason

Hver veit, nema að jörðin öll eigi eftir að verða „iðjagræn“ — eins og Vesturhaginn minn í Háahrauninu. Öruggt hæli friðsamra og fullkominna manna. — Eða á hún að farast af völdum þess voða, sem mennirnir hafa sjálfir fundið upp og skapað?

Hvort sem væri gæti skeð, úr því sem nú er komið.

Svo skrifaði Unnur Benediktsdóttir Bjarklind — Hulda skáldkona — í lok bernskuminninga sinna, *Úr minningablöðum* haustið 1945, „skömmu eftir að kjarnorkuspengjunni var varpað á Japan“ eins og hún segir — og á þá líklega við sprengjuna sem varpað var á Hiroshima 6. ágúst það ár.¹ Hulda lést 10. apríl 1946.

Við lýðveldisstofnunina hafði Huldu hlotnast sá heiður að hljóta fyrstu verðlaun (ásamt Jóhannesi úr Kötlum) fyrir hátíðarkvæði sem hún kallaði „Söngva helgaða þjóðhátíðardegi Íslands 17. júní 1944.“² Brynjólfur Jóhannesson leikari flutti allan ljóðaflokkinn á lýðveldishátíðinni á Þingvöllum og þá var einnig frumflutt verðlaunalag Emils Thoroddsens tónskálds við þriðja hluta flokksins sem hefst á orðunum: „Hver á sér fegra föðurland ...“ En daginn eftir, 18. júní, hélt Íslendingafélagið Vísir í Chicago samkomu (*picnic*) þar sem Paul J. Halldorson iðnrekandi (1883–1964) hélt ræðuna „Iceland’s Unique Destiny“ (Einstök örlög Íslands) til að minnast lýðveldisstofnunarinnar.³ Hér er ætlunin að bera saman viðhorfin sem koma fram í hátíðarkvæði Huldu og ræðu Pauls — skoðanir á sögu Íslendinga og sjálfsmynd þeirra heima og heiman.

Elskuvinirnir Jón frá Stóruvöllum og Benedikt á Auðnum

Í æskuminningum Huldu er birt „gamalt blað“ sem hún segist hafa „einhverntíma rissað á með býanti eins og upphaf á endurminningum um þá þrjá af samstarfsmönnum og vinum föður míns, er mér voru einna nánast kunnir“.⁴ Þetta voru þeir alþingismennirnir Jón Jónsson í Múla (1855–1912) og Pétur Jónsson á Gautlöndum (1858–1922) og Jakob Hálfðánarson (1836–

¹ Hulda, *Úr minningablöðum* (Reykjavík 1965), bls. 128.

² Hulda, *Segðu mér að sunnan. Ljóðaufrval* (Reykjavík 1961), bls. 152–156.

³ Paul J. Halldorson, *Iceland’s Unique Destiny*, hdr.

⁴ Hulda, *Úr minningablöðum*, bls. 106.

1919) erindreki Kaupfélags Þingeyinga. Hulda segist munu hafa skrifað þetta skömmu eftir andlát Péturs 1922. Á öðrum stað í minningunum nefnir hún þýska „söngva- og ljóðabók, sem Millbank lávarður hafi sent vini sínum frá Sviss, Sigfúsi Magnússyni á Grenjaðarstað, fósturbróður og frænda móður minnar. Sigfús var farinn til Ameríku og hafði gefið foreldrum mínum bókina“.⁵ Hún segir þó ekki frekar frá Sigfúsi sem einnig var vinur föður hennar. Sigfús fór fyrst vestur 1873 og síðan alfarinn 1886.⁶ Enn þá eftirtektarverðara er að Hulda segi ekki frekar frá Ameríkuferðum sem voru í hámarki þegar hún var barn og unglingur og margt skyldfólk og vinir foreldra hennar höfðu hleypt heimdraganum. Ef til vill tengist það þögninni um vesturfarirnar að Hulda getur þess ekki hverra manna Begga, fósturdóttir Jóns Jóakimssonar á Þverá í Laxárdal, afa hennar, og seinni konu hans, Bergljótar Guttormsdóttur, var. En þessi Bergljót (f. 1873), sem vafalaust hefur þegið nafn af fóstur sinni, stjúpu Benedikts á Auðnum, var dóttir Tómasar Halldórssonar bónda í Kasthvammi í Laxárdal. Var Tómas bróðir fornvinar Benedikts Jónssonar, Jóns Halldórssonar, sem fór frá Stóruvöllum í Bárðardal til Milwaukee í Wisconsin 1872. Ekkja Tómasar og öll önnur börn hans, sem upp komust, nema Bergljót fluttu vestur til Nebraska árið 1888 á vit Jóns Halldórssonar og konu hans Þórvarar Sveinsdóttur frá Garði í Aðaldal.⁷ En Þórvör hafði farið til Milwaukee með Sigfúsi Magnússyni frá Grenjaðarstað, frænda sínum, árið 1873.⁸

Áður en Jón Halldórsson fór til Ameríku höfðu þeir Benedikt Jónsson, Sigfús o.fl. verið í samlögum um að útvega sér bækur til lestrar, íslenskar og erlendar.⁹ Í bréfasafni Benedikts á Landsbókasafni eru varðveitt fjörutú og fjögur bréf frá Jóni, þar af þrjátíu og fjögur sem skrifuð eru í Bandaríkjunum á árunum 1873–1914, tuttugu og átta þeirra fram til 1889.¹⁰ En Benedikt hafði jafnvel hugsað sér að flytjast vestur í stað þess að fara að hokra á Auðnum, hjáleigu frá Þverá þar sem faðir hans bjó rausnarbúi.¹¹ Benedikt sinnaðist við Jón um það leyti, sem Tómas, bróðir Jóns, lést, út af rekstri hreppa á Íslandi sem Jón taldi bitna á fátæklingum en Benedikt hreppstjóri tók óstinnt upp.¹² Jón hélt þó áfram að skrifa elskuvini sínum, þó með hléum. Síðasta bréfinu, sem dagsett er 10. nóvember 1914, lýkur hann með

⁵ Hulda, *Úr minningablöðum*, bls. 27.

⁶ Júníus H. Kristinsson, *Vesturfaraskerá 1870–1914* (Reykjavík 1983), bls. 53, 322.

⁷ Hallgrímur Pétursson, *Laxdælir. Ábúendatal í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu 1688–1990* (Reykjavík 1991), bls. 24–25.

⁸ Júníus H. Kristinsson, *Vesturfaraskerá 1870–1914*, bls. 291. Lbs. án safnmarks, Sigfús Magnússon, Ferðalög og flakk.

⁹ Sveinn Skorri Höskuldsson, *Benedikt á Auðnum*. Íslenskur endurreisnarmaður (Reykjavík 1993), bls. 454–55.

¹⁰ Lbs. 4415–4419 4to, Benedikt Jónsson, Bréfasafn.

¹¹ Sveinn Skorri Höskuldsson, *Benedikt á Auðnum*, bls. 44–50.

¹² Jón Halldórsson, *Atriði ævi minnar. Bréf og greinar* (Reykjavík 2005), bls. 114–120.

orðunum: „Hún Hulda litla er uppáhaldið mitt svo ég bið að heilsa henni og konunni þinni ef hún lifir.“¹³

Benedikt á Auðnum hafði þótt gagnrýni Jóns á ófrelsið á Íslandi beinast að sér, hreppstjóranum, og ásaði Jón fyrir að vera með öllu amerísku, móti íslenskum venjum og honum þætti vænna um náttúruna í Ameríku en fólkið á Íslandi. Jón hafði farið til Ameríku til að ráða sér sjálfur. Sjálfræði skipti hann miklu meira máli en þjóðfrelsi því að hann taldi sig og sitt fólk hafa orðið fyrir barðinu á áþján þeirra sem heimtuðu frelsi frá Dönum. Benedikt þótti hins vegar kvæði Guðmundar á Sandi „Bréf til vinar míns“, sem er borið uppi af brennandi þjóðernistilfinningu, andskoti gott.¹⁴

Sjálfsmynd Vestur-Íslendinga

Steinþór Heiðarsson hefur rannsakað sjálfsmynd Vestur-Íslendinga. Telur hann að á fyrsta skeiði vesturflutninganna hafi íslensku vesturfararnir einkum fordæmt Ísland fyrir að vera harðbýlt og ljótt en upp úr 1890 hafi þeir farið að taka landið í sátt sem móðurjörð sína. Viðhorf þeirra til Íslands hafi orðið hlutlægara en áður. Um aldamótin 1900 hafi síðan hafist gyllingarskeið „sem einkennist af staðleysu, viðsnúningi staðreynda og draumórakenndri umræðu um auðlindir Íslands“. Loks eftir miðjan fyrsta áratug 20. aldar „fer að bera á tilhneigingu til bælingar óviðkunnanlegra skoðana. Vestur-Íslendingar fara þá að taka nærri sér allt last um Ísland, það verður raunverulega heilagt í hugum margra og þess er krafist að fólk ali börn sín upp í ást á ættjörðinni“.¹⁵ Þessar viðhorfsbreytingar til gamla landsins setur Steinþór í samband við þróun vesturflutninganna, umræður sem spruttu út af þeim og gagnrýni sem Vestur-Íslendingar máttu þola heima á Íslandi. Gagnrýnin þróaðist um leið og þjóðernisstefnan varð einbeittari og varð raunar hömlulaus í meðförum manna eins og Benedikts Sveinbjarnarsonar Gröndal þótt Matthías Jochumsson og ýmsir aðrir leituðu sátta.¹⁶

Jón Halldórsson var allt of mikill raunsæismaður til að viðhorf hans til Íslands þróuðust í þá veru sem Steinþór Heiðarsson lýsir, þótt hann hafi varla verið ósnortinn af slíkum skoðunum þar sem hann las blöð Vestur-Íslendinga og skrifaðist á við marga. Síðasta uppgjör

¹³ Jón Halldórsson, *Atríði ævi minnar*, bls. 183–184.

¹⁴ Úlfar Bragason, „Bréf til vinar míns. Jón frá Stóruvöllum svarar kvæði Guðmundar á Sandi“, *Milli himins og jarðar*, ritstjórar Anna Agnarsdóttir, Pétur Pétursson og Torfi H. Tulinius (Reykjavík 1997), bls. 137–145.

¹⁵ Steinþór Heiðarsson, „Íslands ástmegir og þrælur. Drættir úr sjálfsmynd Vestur-Íslendinga“, *Saga XXXVII* (1999), bls. 50.

¹⁶ Úlfar Bragason, „Images of North America in Writings by Three Icelandic Authors, Matthías Jochumsson, Jón Ólafsson, and Einar H. Kvaran“, *Canada. Images of a Post/National Society*, ritstjórar Gunilla Florby, Mark Shackleton og Katri Suhonen (Brussel 2009), bls. 235–244.

hans við Ísland er að vísu í bréfi til Helgu systur hans 1901 og á síðustu árum sínum verður hann stöðugt uppteknari af æskustöðvum sínum.¹⁷ Hann vill fyrirgefa eins og sá sem lítur til baka og sér að það tjáir ekki að fást um orðinn hlut en hann getur ekki gleymt þeim rangindum sem hann telur að hann og fólk hans hafi orðið fyrir.

Hann lauk því aldrei að skrifa ævifrátt sinn eins og hann ætlaði.¹⁸ Enda hefur hann líklega gert sér grein fyrir að neikvæð skrif um Ísland áttu ekki upp á pallborðið hjá ritstjóra *Almanaks* Ólafs S. Thorgeirssonar sem gefið var út í Winnipeg og hann hafði skrifað fyrir um búsetu Íslendinga í Nebraska (1914).

Thomas, Paul og Sophia Jónsbörn unnu að myndasmíði og framleiddu ljósmyndavörur, m.a. flashlampa, sem Thomas fann upp. Fyrirtækið sem þau settu á fót, eftir að þau fluttust til Chicago 1913 ásamt Jóni föður sínum, framleiddi einnig útvarpstæki og spennubreyta. Þar störfuðu um 100 manns þegar flest var. Paul kvæntist Ingu Thorláksson 1930. Hún var bróðurdóttir sr. Páls Þorláksson, sem var leiðtogi fyrstu vesturfaranna, en móðir hennar var Petrína Guðnadóttir frá Arnarvatni í Mývatnssveit, ættingi Jóns Halldórssonar.¹⁹

Einstök örlög Íslands

Eins og kemur fram í bréfum Jóns frá Chicagoárunum, hefur fjölskyldan haft samneyti við ýmsa Íslendinga sem þar bjuggu eða voru á ferð. En eftir að félag Íslendinga í Chicago, Vísir, var stofnað gerðist Paul J. Halldorson félagi í því og tók virkan þátt í félagsstarfinu ásamt konu sinni og systur.²⁰

Paul J. Halldorson flutti aðalræðuna á samkomu Íslendingafélagsins Vísir 18. júní 1944. Varðveist hefur auglýsing um viðburðinn og ræðan er til í handriti og kallast „Iceland's Unique Destiny“. Paul hóf mál sitt, eftir að hafa boðið Ísland velkomið í röð frjálsra þjóða sem systurlýðveldi Bandaríkjanna, með því að víkja að ásjónu landsins. Telur hann að gamalt máltæki segi að Ísland sé fegursta land undir sólinni. Hann segir að vísu að það sé ekki víst að bandarísku hermennirnir á Íslandi muni taka undir það þegar þeir komi heim. Þeir muni vafalaust fagna því að vera komnir vestur frá þessu guðsvolaða landi. En Íslendingar, fyrrum Íslendingar og afkomendur þeirra, jafnvel af þriðju kynslóð, séu heillaðir af því. Er það raunar í samræmi við rannsókn Steinþórs Heiðarssonar á þróun sjálfsmyndar Vestur-Íslendinga. Paul

¹⁷ Sjá Jón Halldórsson, *Atríði avi minnar*, bls. 130–136, 142, 157–158.

¹⁸ Jón Halldórsson, *Atríði avi minnar*, bls. 166, 167–170.

¹⁹ Elmer Halldorson, *Paul J. Halldorson*, hdr.

²⁰ Sjá Elmer Halldorson, *Paul J. Halldorson*.

dregur að vísu upp heldur hrjúfa mynd af landinu og spyr hvaða Íslendingur hafi ekki staðið á einmanalegri strönd, horft á öldurnar skolast á land eða skvettast við kletta og hugsað sömu hugsun og komi fram í hinu fræga kvæði Byrons lávarðar, „Childe Harold’s Pilgrimage“: „There is a rapture on the lonely shore/There is society where none intrudes/By the deep sea and music in its roar.“

Síðan rekur Paul þrennt sem sér þyki einkum merkilegt við Íslandssöguna: að svo fámenn þjóð hafi þraukað svo lengi og lagt svo ríkulegan skerf til heimsmenningarinnar, fólksfjöldinn sé ekki meiri en í smáborg í Bandaríkjunum; að Íslendingar hafi stofnað lýðveldi 930 þegar ekkert slíkt fyrirfannst í heiminum og án þekkingar á stjórnarfyrirkomulagi Grikkja og Rómverja; að þessi fámenna þjóð hafi á sama tíma og Evrópa einkenndist af vankunnáttu skapað bókmenntir á móðurmálinu sem eigi sér ekki hliðstæðu. Paul leitar síðan orsaka þessa og hafnar að þeirra sé að leita í því að besta fólkið hafi flúið áþján Haralds hárfagra úr Noregi eða þriðjungur Íslendinga sé kominn af Írum þótt eitthvað geti verið til í þessum skýringum. Meginorsakirnar sé að finna í landfræðilegri legu Íslands því að væri þær að finna hjá kynþættinum þá hlyti sams konar menning jafnvel miklu frekar að hafa þróast annars staðar á Norðurlöndum. En vegna legu Íslands hafi þar ríkt friður og öryggi og næði til að vinna úr þeim söguefnum og áhrifum sem skáld og sagnamenn fluttu heim með sér frá öðrum löndum. Þannig hafi frelsi og regla skapað gullöld Íslendinga en menningarhnignun komið með erlendu valdi. Paul rekur síðan niðurlægingsögu Íslendinga. Þeir hafi að vísu aldrei alveg gleymt sagnasjóði sínum og síðan hafi fornþekkingarnar verið endurfundnar á 17. og 18. öld. Það hafi þó ekki verið fyrr en með rómantik Bjarna Thorarensen og Jónasar Hallgrímssonar að áhugi Íslendinga á sagnaarfnum hafi vaknað fyrir alvöru. Hann rekur upphaf rómantikurinnar til Þýskalands, áhugann á öllu sem germansk var og uppreisnina gegn erlendri menningarþjáfn. Um leið hafi þjóðfrelsisandinn vaknað. Síðan ber hann saman hvernig þjóðerniseldurinn hafi leikið Þjóðverja en gagnast Íslendingum vegna þess að þeir hafi kunnað að fara með hann. Fram að þessu hefur ræðan raunar einkennst af söguskoðun rómantikurinnar enda flutt yfir Vestur-Íslendingum, sem vafalaust hafa séð Ísland í hillungum, og líklegast fengin úr söguþráttum á ensku eða alfræðibók.

En í lok ræðunnar kemur Paul með eigin hugleiðingar sem byggjast á röklegu mati hans sjálfs og eru meira í ætt við skynsemi föður hans en gullaldarsagan. Hann spyr hvort Ísland geti haldið sjálfstæði sínu í fjórsjáanlegri framtíð. Hann viðurkennir að hann hafi lengi efast um að það hafi verið rétt af Íslendingum að sækjast eftir fullum sambandsslitum við Dani því að

sambandið hafi verið þeim nokkur hernaðarvörn. En hann sé þeirrar skoðunar nú að lega landsins, sem skapi landsmönnum örlög, komi því enn til hjálpar. Flugvélaöldin hafi orðið til þess að Ísland sé hernaðarfræðilega mikilvægt fyrir samstarf Evrópuríkja og Bandaríkjanna og þess vegna sé sjálfstæði þess borgið undir verndarvæng Bandaríkjanna. Ísland muni njóta hverndar Bandaríkjanna án þess að greiða fyrir það svo mikið sem *cent*. Að vísu geti verið að Bandaríkin fari fram á að hafa áfram varðstöð á Íslandi en það muni byggjast á frjálsum samningum og nauðsynlegt sé fyrir Bandaríkin að halda hinu besta vináttusambandi við Ísland. Landið getur þess vegna ákveðið örlög sín sjálfst á erlendrar íhlutunar. Síðan vísu hann að því að vegna loftferðanna gæti þróast á Íslandi alþjóðleg viðskiptamiðstöð eða þjónusta fyrir erlenda ferðamenn. A.m.k. sé ólíklegt að Ísland geti miklu lengur haldið sér utan við straum heimsviðskiptanna. Paul sá því glöggt að draumur Íslendinga um að vera engum öðrum háðir voru blekkingar einar. Þróun samgangna og alþjóðaviðskipta myndi grípa inn í framtíð þeirra og fjarstaða landins væri því ekki lengur vörn. Þessa vörn myndi hins vegar föðurland hans — Bandaríkin — veita Íslendingum.

„Hver á sér fegra föðurland“

Breski sagnfræðingurinn Anthony D. Smith segir að þjóðernisstefnan á 19. öld hafi orðið tæki „til skjótra félagslegra breytinga, til að virkja fólk, krefjast „heimkynna“ með því að endurteikna landabréfin og til að gera að engu staðar- og héraðsbönd í þeim tilgangi að efla höfuðstaðinn og samfélagið sem heild“.²¹ Sterk héraðsvitund kemur fram í bréfum Jóns Halldórssonar — hann hefur áhuga á Þingeyjarsýslu og öllu því sem þingeyst er en talar sjaldan um Ísland og Íslendinga sem heild. Benedikt á Auðnum taldi sig heimalning „í orðsins fyllstu merkingu“.²² Líklega má merkja breytingar í skáldskap Huldu frá hinum þingeyska arfi til hins þjóðlega. Í endurminningum sínum alhæfir hún um Íslendinga : „Íslendingar eru yfirleitt rólyndir menn og gjörhugulir og öll þau ærsl og öfgar, sem tíðkæzt hafa í suðlægari löndum í hátíðarskyni, er þeim mjög fjarri skapi.“²³ Því hefur einnig verið haldið fram að hún hafi leitað sér að nýju ídeali — þegar æskudraumar hennar brugðust — með því að upphefja sveitalífið, þjóðlega menningu og hefðbundin gildi.²⁴ Sögumaður í smásögunni „Loftur Markússon“ vill

²¹ Anthony D. Smith, *Myths and Memories of the Nation* (Oxford 1999), bls. 61.

²² Sveinn Skorri Höskuldsson, *Benedikt á Auðnum*, bls. 554.

²³ Hulda, *Úr minningablöðum*, bls. 84.

²⁴ Guðrún Bjartmarsdóttir og Ragnhildur Richter, *Inngangur, Hulda, Ljóð og laust mál* (Reykjavík 1990), bls. 96.

eins og sögupersónan „vinna þjóð sinni gagn, og standa vörð um ætt sína og óðal. ... Þessi boðskapur gengur aftur í ýmsum myndum í flestum síðari sögum Huldu“.²⁵

Sama boðun er uppistaðan í verðlaunakvæði skáldkonunnar „Söngvum helguðum þjóðháttíðardegi Íslands 17. júní 1944“. Í kvæðinu spyr ljóðmælandinn hver eigi fegra föðurland og biður drottin að geyma landið sem sé svo langt frá heimsins vígaslóð. Hún segir einnig að þjóðin uni grandvör, farsæl, fróð og frjáls við ysta haf og hún óskar að Ísland verði aldrei framfar öðrum þjóðum háð. Jafnframt minnir hún þjóðina á forna gullöld, frjálst þing, menntasjóð og fornar sögur en líka ólög þung og þúsund ára raun. Kvæðið er raunar byggt á þeim viðhorfum og þeim þjóðernislegu mýtum (*ethnic myths*) sem þjóðernisbaráttumenn héldu að landsmönnum og dóttir Benedikts á Auðnum hefur kynnst þegar heima í föðurgarði.

Anthony D. Smith hefur fjallað um inntakið í slíkum þjóðernismýtum. Þar sé gerð grein fyrir landnámi í tíma og rúmi, kynstofninum, hetjuskap gullaldarinnar og sæmd, niðurlægingatímabili og síðan nýjum frelsistímum, nýrri gullöld, sem renni upp.²⁶ Þetta er það form sem íslenska skólakerfið mótaði Íslandssöguna í, ekki síst Þingeyingurinn Jónas Jónsson frá Hríflu í *Íslandssögu. Kennslubók handa börnum* sem fyrst kom út 1915–1916.²⁷

En jafnframt hafði bókmenntastofnunin búið til ákveðinn bókmenntakanón sem birtist ekki síst í *Íslenzkri lestrarbók* sem Sigurður Nordal tók saman og var fyrst gefin út 1924. Hulda vísar einnig í þessar „heilögu ritningar“. Strax í fyrsta ljóðinu í flokknum notar hún rómantíska svaninn bæði í myndlíkingu og mynd. Í öðru ljóðinu vísar hún í *Njáls sögu* með orðunum „Og ennþá er fegurstr „Hlíðin.““ Þar er einnig vísanir í hin frægu kvæði Jónasar Hallgrímssonar „Ísland“ og „Ferðalok“ og í „Úr Íslendingadagsræðu“ Stephans. G. Og í lokaerindi ljóðaflokksins er enn ein vísunin í bókmenntakanóninn — fánasöng Einarar Benediktssonar: „Syng frelsissöngva, frjálsa þjóð,/ við fánans bjarta þyt.“ Það er því ekki að undra að dómnefndin hafi fallið fyrir ljóðaflokknum sem svo rækilega staðfesti bæði hina þjóðernislegu söguskoðun og textaval bókmenntastofnunarinnar.

Paul J. Halldorson, sonur fornvinar föður Unnar Benediktsdóttur Bjarklind, flutti löndum sínum áþekkan boðskap á Vísissamkomunni í Chicago um sögu Íslands og Íslendinga og Hulda á Þingvöllum. En á meðan Hulda glósaði alveg yfir að til lýðveldisins var stofnað 1944 í skjóli bandarískis setuliðs og með samþykki bandarískra stjórnvalda þá lagði Paul J.

²⁵ Guðrún Bjartmarsdóttir og Ragnhildur Richter, *Inngangur*, bls. 91.

²⁶ Anthony D. Smith, *Myths and Memories of the Nation*, bls. 62–70.

²⁷ Sjá Guðmundur Hálfðanarson, „Stöndum sem einn veggur gegn öllu erlendu valdi.“ Hugleiðingar um söguskoðun og íslenska fullveldisþóttík“, *Heimtur*, ritstjórar Guðmundur Jónsson, Helgi Skúli Kjartansson og Vésteinn Ólason (Reykjavík 2009), bls. 146–159.

Söguþing 2012. Ráðstefnurit. Sagnfræðistofnun, Reykjavík, 2013.

Halldorson áherslu á að: „Engin þjóð á meginlandi Norður-Ameríku megi við því að Ísland falli í hendur evrópskra árásarmanna.“ Kaldhæðni örlaganna varð sú að landið sem Benedikt á Auðnum ásakaði Jón Halldórsson fyrir að elska meira en fólkið á Íslandi þurfti nú að koma þessu fólki til hjálpar!